

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 70/2012,
um loftslagsmál (skráningarkerfi losunarheimilda).

Frá meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar (GLG, MÁ, ÓP, RM, ÁI).

1. 1. gr. orðist svo:
Eftirfarandi orðskýringar bætast við 3. gr. laganna í viðeigandi stafrófsröð:
 - a. *Miðlægur stjórnandi skráningarkerfisins*: Aðili sem er tilnefndur af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skv. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB, með síðari breytingum, til að hafa umsjón með starfrækslu skráningarkerfis Evrópusambandsins.
 - b. *Viðskiptavettvangur*: Marghliða viðskiptakerfi sem leiðir saman kaupendur og seljendur losunarheimilda.
2. Á eftir 2. gr. komi þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:
 - a. (3. gr.)
Í stað orðanna „dregið verulega úr henni“ í 3. másl. 6. mgr. 8. gr. laganna kemur: veruleg minnkun hefur orðið á framleiðslugetu.
 - b. (4. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:
 - a. 2. mgr. orðast svo:
Umhverfisstofnun tekur ákvörðun um úthlutun skv. 1. mgr. byggða á upplýsingum um sögulega starfsemi rekstraraðila og skiptingu viðkomandi starfsstöðva í starfsstöðvarhluta. Umhverfisstofnun skal tilkynna rekstraraðilum um fyrirhugaða ákvörðun með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara og gefa rekstraraðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ákvörðunin er kæránleg til ráðherra innan tveggja vikna frá því að hún er tekin.
 - b. 8. mgr. orðast svo:
Ef þörf er á skal lækka úthlutun til hvers rekstraraðila skv. 1. mgr. í samræmi við almennan leiðréttingarstuðul. Stuðullinn skal fundinn út með því að bera saman annars vegar heildarfjölda endurgjaldslausra losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við viðmið sem fram koma í 1. mgr., án þess að til lit sé tekið til leiðréttingarstuðuls kolefnisleka, og hins vegar árlegan hámarksfjölda endurgjaldslausra losunarheimilda fyrir staðbundna starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu. Almennur leiðréttingarstuðull skal tryggja að fyrrnefndi fjöldinn sé ekki meiri en sá síðarnefndi. Heimilt er að endurskoða stuðullinn árlega í samræmi við þessa málsgrein.
 - c. (5. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:
 - a. Í stað orðanna „umtalsverða framleiðsluaukningu“ í b-lið 2. mgr. kemur: verulega aukningu á framleiðslugetu; og í stað orðsins „framleiðsluaukningu“ í lok staflíðarins kemur: aukningu.

- b. Í stað orðsins „framleiðsluaukningar“ tvívegis í 3. mgr. og í 7. mgr. kemur: aukningar á framleiðslugetu.
3. 3. gr. orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:
- Orðin „hefur runnið út eða“ í 2. málsli. 3. mgr. falla brott.
 - Í stað orðanna „dregur verulega úr starfsemi“ í 5. málsli. 3. mgr. kemur: minnkar verulega framleiðslugetu.
 4. mgr. orðast svo:
Ráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið skal á um nánari skilyrði þess að starfsemi teljist hætt eða að veruleg minnkun teljist hafa orðið á framleiðslugetu hafi verið dregið úr henni, skyldu rekstraraðila til að skila nauðsynlegum upplýsingum, aðferðafræði við útreikning leiðréttrar úthlutunar og með hvaða hætti úthlutun skuli leiðrétt, þar á meðal í kjölfar endurskoðunar á almennum leiðréttingarstuðli. Heimilt er að krefjast þess að upplýsingar frá rekstraraðilum séu vottaðar af óháðum vottunaraðila.
4. Við 4. gr.
- Á eftir orðunum „skal rekstraraðili“ í a-lið komi: að eigin frumkvæði eða að kröfu Umhverfisstofnunar.
 - Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðanna „draga verulega úr starfsemi“ í 6. mgr. kemur: minnka verulega framleiðslugetu.
5. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Á eftir 3. mgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Fjárhæð losunargjalds skv. 3. mgr. vegna gjaldskyldrar losunar sem á sér stað árið 2013 skal vera 1.338 kr. fyrir hvert tonn gjaldskyldrar losunar.
6. Á eftir orðunum „skal flugrekandi“ í d-lið 6. gr. komi: að eigin frumkvæði eða að kröfu Umhverfisstofnunar.
7. 2. og 3. másl. 1. mgr. c-liðar 7. gr. orðist svo: Að minnsta kosti annar þessara fulltrúa skal hafa fasta búsetu á Íslandi þegar um er að ræða aðila sem getið er í 2. mgr. 22. gr.
- Þegar um er að ræða reikning vottunaraðila er þó einungis krafist a.m.k. eins viðurkennds fulltrúa.
8. Í stað millivísunarinnar „d- og e-lið 2. mgr. 22. gr. a“ í 5. mgr. e-liðar 7. gr. komi: c- og d-lið 2. mgr. 22. gr. a.
9. 8. mgr. f-liðar 7. gr. orðist svo:
Ákvarðanir miðlæga stjórnandans um tímabundna lokun aðgangs að skráningar-kerfinu eða hluta þess, vegna gruns um að brotið hafi verið gegn öryggi kerfisins eða að veruleg hættu sé á að brotið verði gegn öryggi þess og að heilleika kerfisins sé þannig stefnt í hættu, skulu eftir því sem við á gilda um reikninga sem heyra undir lögsögu Íslands.
10. 3. mgr. g-liðar 7. gr. orðist svo:
Ákvarðanir miðlæga stjórnandans um tímabundna kyrrsetningu losunarheimilda, í tvær vikur að hámarki, vegna gruns um að losunarheimildir hafi verið notaðar í tengslum við svik, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða aðra alvarlega glæpi, skulu eftir því sem við á gilda um reikninga sem heyra undir lögsögu Íslands.
11. Á eftir 7. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
- (12. gr.)
Orðin „og hafi staðist jafningjamat sem framkvæmt er af Evrópustofnun um samvinnu á sviði faggildinga“ í 2. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna falla brott.

b. (13. gr.)

Á eftir orðunum „gagnkvæma viðurkenningu vottunaraðila“ í lokamálslið 26. gr. laganna kemur: þar á meðal um hvaðan faggilding skuli stafa.

12. Við 12. gr. bætist nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: Í stað tilvísunarinnar „6. mgr.“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: 7. mgr.

13. Á eftir 16. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði XIII. kafla skal ekki beita þvingunarúrræðum gagnvart flugrekanda vegna ákvæða 17. gr. um skil losunarheimilda og 21. gr. um vöktun og skýrslugjöf, að því er varðar kröfur sem verða virkar fyrir 1. janúar 2014 og tengjast losun koldíoxíðs frá flugstarfsemi sem felur í sér flugtak eða landingu á flugvöllum í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og yfirráðasvæða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, að frátöldum Sviss og ríkjum sem undirritað hafa aðildarsáttmála við Evrópusambandið, ef annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

- a. flugrekandi skilar fyrir 30. apríl 2013 til Umhverfisstofnunar sama fjölda losunarheimilda og hann fékk úthlutað endurgjaldslaust árið 2012 vegna slíkrar flugstarfsemi,
- b. engum endurgjaldslausum losunarheimildum var úthlutað til flugrekanda árið 2012 vegna slíkrar flugstarfsemi.

